

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

Fundargerð 1.umdæmisstjórnarfundar í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar, starfsárið 2011-2012 haldinn sunnudaginn 25. september 2011 kl. 12:40 á Hótel Höfn Hornafirði

Ragnar Örn umdæmisstjóri setti fundinn kl. 12:40 og bauð alla velkomna.

Mættir voru:

Ragnar Örn umdæmisstjóri, Hjördís Harðardóttir kjörumdæmisstjóri, Óskar Guðjónsson fráfarandi umdæmisstjóri, Benóný Guðmundsson umdæmisritari, Birgir Sveinsson umdæmisfóhvirðir, Emilía Dóra Guðbjartsdóttir erlendur ritari, **Oscar E. Knight III** Trustie, Andrés Hjaltason formaður fræðslunefndar/tengiliður við fyrverandi umdæmisstjóra og svæðisstjórnarnir Ágúst Magnússon Sögusvæði, Bergþór Ingibergsson Ægissvæði, Snjólfur Fanndal Freyjusvæði, Sigurjón Pálsson Óðinssvæði, Elin Joensen Færeyjasvæði.

Oscar Knight var með stutt ávarp þar sem hann ítrekaði ósk um gott samstarf og hann væri til staðar fyrir okkur ef eitthvað væri sem hann gæti aðstoðað með. Bara hringja eða nota tölvupóst. Einnig óskaði hann öllum velfarnaðar í nýjum stöðum. Síðan yfirgaf hann fundinn.

Ragnar Örn dreifði upplýsingum um verðandi nefndarformenn, fyrirmyndarviðmið og áherslur umdæmisstjóra. Hann óskaði síðan eftir því að svæðisstjórar upplýstu hann um gang mála við stjórnarskiptin sem framundan eru.

Farið var yfir dagsetningar umdæmistjórnar funda á starfsárinu og hversvegna þær voru valdar svona. En fundirnir eru eftirtaldir.

26. nóvember í Reykjavík

17. mars í Reykjavík

14. september Reykjanesbæ

Ýtarleg samantekt hópavinnu sem fram fór á þinginu verður send svæðisstjórum strax og búið er að taka hana saman. Handbókin fyrir embættismenn umdæmisins er í stuttri endurskoðun en verður afhent fljótlega.

Stefnt er að því að Emilía Dóra fari á fyrstu svæðisráðstefnu í nýju Færeyjasvæði og verði Færeyingum til aðstoðar. Ragnar hvatti Elin til að bjóða almenna félagar velkomna á svæðisráðstefnur, þannig gætu svæðisráðstefnurnar nýst betur heldur en ef eingöngu mættu þeir sem hafa skildumætingu.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

Óskar benti á að Elin væri langt komin með að þýða klúbbalögin yfir á færeysku og hefði ekki tekið krónu fyrir. Hún hefði verið klár í að þýða umdæmislögin en hann hafði bent henni á að við þyrftum að endurskoða íslensku útgáfuna fyrst.

Ragnar ræddi um tillögu um erlent samstarf sem borin var fram á síðasta umdæmisstjórnar fundi. Hann ítrekaði að eingöngu væru um að ræða að skipa vinnuhóp til að skoða þessi mál. Hann hefur skipað 5 manna vinnuhóp. Í honum eru: Einar Friðþjófsson Helgafelli Guðmundur Baldursson fyrrverandi umdæmisstjóri Sigurgeir Aðalgeirsson fyrrverandi umdæmisstjóri Ástbjörn Egilsson fyrrverandi Evrópuforseti Andrés K. Hjaltason fyrrverandi umdæmisstjóri

Fyrsti fundur framkvæmdanefndar verður innan tveggja vikna.

Önnur mál.

Óskar benti á að Kiwanishúsið er í söluferli.

Spurt var hvenær næsti kjörsvæðisstjóri þyrfti að vera kominn fram, svarið var að hann ætti nú þegar að liggja fyrir.

Hjördís er að athuga með að komast í heimsókn til skjaldar á afmæli klúbbsins þar sem Ragnar og Óskar eru báðir erlendis á þeim tíma.

Ragnar ítrekaði að gott samstarf þyrfti að vera milli allra svo klúbbarnir væru ekki að fá margar heimsóknir embættismanna á sama eða mjög svipuðum tíma og voru allir sammála því.

Ragnar sendir út fyrirmyndar viðmiðin.

Fræðslunefndin er klár í slaginn, Ragnar ítrekaði að hún væri ekki hætt störfum heldur ætti að starfa að krafti og glotti svo til Andrésar. Sumir klúbbar þurfa smá aðhald meðan aðrir eru að gera frábæra hluti.

Snjólfur benti á að betra samstarf þyrfti að vera við svæðisstjóra þegar klúbbarnir velja tíma til stjórnarskipta, til að ekki rekist saman mörg stjórnarskipti.

Óskar bað fundarmenn um að hafa augu og eyru opin varðandi staðarval fyrir umdæmisþing 2014 einhverjar hreyfingar væru á því máli en ekkert opinbert ennþá.

Fram fóru umræður um reglur fyrir staðarval og kröfur til umdæmisþings, Ragnar las upp reglur um þær úr handbók umdæmisins.

Ragnar Örn þakkaði öllum fyrir komuna óskaði góðrar heimferðar og sleit fundi kl 13:15